

## Landssamband æskulýðsfélaga Stefnumót við stjórn málin

RITARI ÁGRIPS: Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LÆF.

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL: Ungir fulltrúar stjórn málaflokkanna áttu óformlegt spjall við ungt fólk.

Sigurður Sigurðsson, formaður LÆF ávarpaði viðstadda í upphafi og stýrði umræðum. Fulltrúarnir kynntu sig, stefnu flokkanna, sín áherslumál innan þeirra og báru saman stefnur sínar við aðra flokka.

Viðstaddir voru að mestu leiti sammála um að LÍN frumvarpið væri ábótavant. Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, fulltrúi Samfylkingarinnar lýsti frumvarpinu sem „Úlfi í sauðagæru“. Fram kom að gott væri að með frumvarpinu hafi skapast umræða um styrkjakerfi. Þó var kom fram sterk gagnrýni á tekjutenginguna og áhersla lögð á að styrkjakerfi skuli vera tekið upp án þess að það bitni á mismunandi samfélagsstöðu ungs fólks. Viktor Orri Valgarðsson, fulltrúi Pírata varpaði ljósi á að fólk sé opið fyrir styrkjakerfi, eins og frumvarpið var kynnt, en þegar nánar er litið virðist frumvarpið vera niðurskurður. Una Hildardóttir, fulltrúi Ungra Vinstri grænna mótmælti frumvarpinu harðlega og telur það hugsað út frá þörfum lánasjóðsins, en ekki nemenda. Ásta Lind Finnbogadóttir, fulltrúi Dögunar tók undir: „Nám á aldrei að vera skuldagildra“. Matthías Freyr Matthíasson, fulltrúi Bjartar framtíðar þykir fáránlegt að námslán skulu vera tekjutengd þar sem að það er erfitt að reka fjölskyldu og vera í námi á sama tíma.

Spurningunni „Fær ungt fólk stað í framlínu stjórn málaflokkanna?“ var varpað fram og vakin var athygli á skorti á ungu fólki á þingi. Fulltrúarnir útskýrðu stöðuna innan sinna flokka eftir prófkjör og virtist sem svo að ástandið færi batnandi. Þó svo að Samfylkingin sé nú elsti þingflokkur allra þingflokka, vakti Þórarinn athygli á því að nú væri átak innan flokksins í að koma ungu fólki að – þar sem að flokkurinn hafi samþykkt reglu um að einn af efstu þremur sætum verði að vera undir 35 ára aldri. Björn Ívar Björnsson, fulltrúi Framsóknarflokksins benti að að þeirra flokkur væri nú með yngsta þingmann sögunnar á þingi og fulltrúi Dögunar lýsti því yfir að þeirra flokkur leggi áherslu á að hafa aldursþóp listanna sem breiðasta í öllum kjördæmum. Una Hildardóttir, fulltrúi Vinstri grænna talaði um „aldursfordóma“ og telur að erfitt sé að vera ungur og að ýta sér fram í eldri flokkunum.

Fjallað var um húsnæðisfrumvarpið, hvort það sé raunsætt og hvað væri hægt að gera betur í þeim efnum. Þar er vandinn sá að eftirspurnin er meiri en framboð. Þó dugar ekki að auka bara eftirspurn, heldur það að lækka verð og jafnfram eru byggingareglugerðir íþyngjandi. Hvað varðar frumvarpið hefur það mögulega jákvæð áhrif eftir einhvern tíma, en eins og staðan er núna á ungt fólk ekki mikinn séreignarsparnað eftir að það lýkur námi. „Eins höfðingjalegt það er af Bjarna að leyfa okkur að nota eigin sparnað til þess að borga niður okkar eigin lán dugir það ekki til að leysa vandann“ sagði Þórarinn. Þá var hann tilbúinn til þess að skoða róttækar hugmyndir, t.d. að ríkið kaupi sig inn í fyrstu íbúðir ungs fólks. Fulltrúi Dögunar tók undir og tók fram að aðalatriðið væri að breyta lagaumhverfinu og setja þak á vexti. Fjallað var um húsnæðisvandann út frá mannréttindasjónarmiðum og vitnaði Viktor í ákvæði nýju stjórnarskrárinnar „Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis“. Þá sagði fulltrúi Dögunar jafnframt: „Það er ekki mannréttindi að eiga húsnæði, það er mannréttindi að hafa þak yfir höfuðuð.“ Spurningunum „Af hverju er gert ráð fyrir því að allir vilji eiga íbúð? Viljið þið halda þessari séreignastefnu áfram?“ var varpað fram. Fulltrúar flokkanna voru sammála um að mikilvægt væri að fólk hefði val og fram kom að hvati til að leigja myndi hækka ef leiguverð lækkaði og öryggi á leigumarkaði væri tryggt með einhverjum hætti. Til þess þurfi að grípa inn í lagaumhverfi leigumarkaðarinnar, koma á óhagnaðardrifnum leigufélögum og tryggja langtímarétt leigjenda. Í stuttu máli vill Una fjölbreytta húsnæðismöguleika fyrir alla. Bjarni telur vandann fólgin í þrennu; Ómarkvissum stuðningi, of háu byggingaverði vegna krafa byggingareglugerða og of háum vöxtum.

Viktor Orri, fulltrúi Pírata fjallaði um æskulýðslögin frá árinu 2007 og sóttist eftir afstöðu viðstaddra til þess hvort ekki væri kominn tími á að endurskoða þau vegna ójafnvægis í fjárframlögum ríkisins til æskulýðsmála. Til dæmis að meirihlutinn fari í barnastarf og lítill hluti í hagsmunastarf ungs fólks vegna skorts á aðgreiningu á barna- og ungmennastarfi í lögunum. Í því samhengi vakti Guðmundur Ari Sigurjónsson athygli á rekstrarstyrkum til frjálsra félagasamtaka í Svíþjóð þar sem öllum er úthlutað eitthvað fjármagn til að halda uppi starfsemi. Ásta Guðrún Helgadóttir vitnaði í fyrirspurn sína um fjárúthlutanir til æskulýðsmála og sagði að það kæmi skýrt fram með tölfræði langt aftur í tímann að stærstu félögin sem mest fá taki meirihlutann úr æskulýðssjóði líka – sem á að vera samkeppnissjóður frjálsra félagasamtaka ungs fólks. Þá telur hún að eitthvað þurfi að gera í þessu.

Í lok fundar tók Viktor það fram að „það þurf að virkja áhuga ungs fólks á stjórnámálum, stjórnámálaflokkar þurfi að veita þeim móttöku og vera meira í takt við þá öld sem við lifum á. „Við vorum mekrilega sammála. Ég er viss um að ef eldri kynslóðin hefði verið með hefði andrúmsloftið verið allt annað, þess vegna þurfum við fleira ungt fólk til áhrifa” sagði Þórarinn í lok fundarinnar og uppskar mikið lófatak.